

Ed.

246. Nefndarálit

um frumv. til laga um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Þetta frumvarp sameinar í einn skóla kennslu ljósmæðra og hjúkrunarkvenna. Er skólinn rekinn í sambandi við landsspítalann, og hefir stjórn spítal-

ans stjórn skólans á hendi. Aðalkennarar við ljósmæðradeildina eru yfirlæk-
nirinn og yfirljósmóðirin við fæðingardeildina. Námstíminn er í frumvarpinu á-
kveðinn 1 ár fyrir ljósmæðraefnin, í stað þess, að nú er hann 9 mánuðir.

Skóli fyrir hjúkrunarnema var settur á stofn í sambandi við rekstur
landsspítalans. Er það í fyrsta sinn, sem slíkur skóli er starfræktur hér á landi.
Verður að telja hans mikla þörf, þar sem konur þær, er ætluðu að stunda hjúkr-
unarnám, hafa til skamms tíma orðið að sækja það til útlanda.

Nefndin fellst í öllum aðalatriðum á það fyrirkomulag, sem felst í þessu
frumvarpi, og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Við 1. gr. Aftan af greininni falli: „og skal yfirlæknum spítalans“ o. s. frv.
til enda greinarinnar.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: yfirlæknar annast kennslu við hjúkr-
unarkvennadeildina án sérstakrar aukabóknunar.
3. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist: 5. Þóknun til kennara.

Alþingi, 22. marz 1932.

Einar Árnason,
form. og frsm.

Jón Jónsson,
fundaskr.

Pétur Magnússon.